

## FUNDARGERÐ

393. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 5. júlí 2017 kl. 9.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Guðmundur Gunnarsson, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi: Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Erna Indriðadóttir, Reynir Vilhjálmsson og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Þetta gerðist:

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 1. Samskiptin og verkaskipting við LEB

Samræður við LEB - formaður og framkvæmdastjóri FEB og svo formaður LEB. Allir sammála um að samskiptin verði beinskeyttari og að allir gangi í sama takti. LEB taki meira þátt í málum er snerta landsmálin almennt. LEB taki yfir framhaldið hvort farið verði í málaferli eður ei. Uppgjör á grundvelli samkomulags félaganna og eins og fram kemur í yfirlýsingu fyrri stjórnar LEB undirritaðri 23. maí s.l., verður gert upp næstu daga.

Formaður skýrði frá bréfi sínu til þriggja ráðherra þann 16. júní um „samtal um þau mál sem menn geti sest niður og rætt og farið yfir“. Svör borist frá Benedikt, fjármála- og efnahagsráðherra og Öttari Proppé, heilbrigðisráðherra svar hefur ekki komið frá Þorsteini Víglundssyni, félags- og jafnréttisráðherra.

### 2. Byggingarmál

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna í byggingunni við Árskóga þar sem vinna er á fullu hjá verktaka. Á sama tíma er unnið að samþykki og teikningum að fjölgun íbúða með viðbótarhæð í báðum húsunum. Vonast er til að auglýsing um breytingu á deiliskipulagi sem kynnt hefur verið farið í almenna auglýsingu næstu daga. Jafnframt þessu hefur verið rætt við fulltrúa Reykjavíkurborgar í ljósi þess mikla áhuga sem er fyrir íbúðum okkar að hugað verði að næstu lóðaúthlutun til félagsins og er þá horft til lóðar fast við núverandi lóð í Árskógum. Neðangreint erindi var sent á borgarfulltrúa fyrir fundi í borgarráði þann 29. júní s.l.

*FEB - Félag eldri borgara í Reykjavík sem fyrir margt löngu fékk úthlutað lóð að Árskógum 1-3 í Reykjavík finnur fyrir miklum áhuga á þeim húsum/íbúðum sem félagið hefur nú loks geta hafist handa við að byggja.*

*Vegna þessa mikla áhuga og þeirra tafa sem orðið hafa á afhendingu lóðarinnar til félagsins leggjum við þetta erindi fyrir borgarráð með von um samþykki. Að álit félagsins og þar til bærra skipulagsyfirvalda á ekkert á að vera til fyrirstöðu.*

*Jafnframt hefur félagið lýst yfir vilja og áhuga sínum og fengið það staðfest að slíkan vilja sé einnig að finna meðal borgarfulltrúa, að farið verði nú þegar í viðræður við félagið um frekari lóðaúthlutun til fólks 60 ára og eldra. Í þessu sambandi má nefna lóðir í nálægð við þá lóð sem félagið vinnur nú þegar á við Árskóga. Frekari framkvæmdir á þessu svæði væru hagkvæmar fyrir alla aðila, FEB, Reykjavíkurborg, félagsmiðstöðina í Árskógum og svo síðast en ekki síst væntanlegum íbúum.*

### 3. Samstarf við Samtök aldraðra

Enn einu sinni hefur verið viðrað af hálfu aðila innan SA að leitað verði leiða til þess að þessi félag starfi þéttar saman og eða jafnvel sameinuð. Rætt verður frekar við SA á næstunni.

#### **4. Nýr ritstjóri Félagstíðinda**

FEB fékk ábendingu um Olgu Björt Þórðardóttur til að taka að sér ritstjórn Félagstíðinda. Olga starfar nú sem ritstjóri Fjarðarpóstsins og tekur einnig að sér slík einstaka verkefni. Formaður og framkvæmdastjóri hafa rætt við Olgu og munu ræða frekar um efnistöð og annað er tengist blaðinu. Ef af ráðningu verður þá verður það á fyrirfram ákveðnum föstum kjörum.

#### **5. Starfið í sumar og haust**

Ferðir bæði innanlands og erlendis ganga vel. Uppselt í allar ferðir, rútur stækkaðar. bætt við sætum og gistiplássi. Mikil ánægja hefur verið hjá þeim sem í ferðirnar hafa farið.

Að loknum háannatíma í ferðamennsku hér innanlands eru þrjár ferðir ráðgerðar, Ferð í Fjörðu og Flateyjardal, ferð um S-Fjallabak og Austfjarðaferð. Auk ferða til Danmerkur og Koblenz síðar. Ljóst er að allt verðlag hér innanlands eru að verða óviðráðanlegt og ekki samkeppnisfært við ferðir erlendis.

Lokað verður á skrifstofu FEB frá 10. júlí t.o.m. 4. ágúst. Framkvæmdastjóri svarar fyrir félagið sem fyrr þegar slík tilvik koma upp. Að sumarleyfi loknu verða allir í „viðbragðsstöðu“ jafnframt því sem annað starf félagsins fer af stað.

#### **6. Verkefnaskipti stjórnarmanna**

í framhaldi stefnumótunar og afrakstur þeirrar vinnu og áhersluatriða fyrir FEB þá er þessir hópar/nefndir settar upp og stjórnarmenn tilnefndir;

Kjaranefnd – Guðmundur G., Hrafn M., og Guðrún Á. Rætt var um fleiri og nokkrir tilnefndir.

Heilbrigðisnefnd – Sigríður S., Sjöfn. H., Anna Þrúður auk fl.

Félagslega tengt – Erna I., Gísli J., Reynir V.,

#### **7. Önnur mál**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11.30.

Samþykkt;